

ÞJÓÐHÁTÍÐ

FRÍM TUDAGUR 25. JÚLÍ 2013

Ingó þreytir frumraun sína í brekkunni

Ingólfur Þórarinnsson stýrir brekkusöngnum í fyrsta skipti í ár. Hann tekur við af Árna Johnsen, sem hefur leitt sönginn í 44 ár.

SÍÐA 2

Innblásið af gosinu 1973

Björn Jörundur Friðbjörnsson semur Þjóðhátíðarlagið í ár.

SÍÐA 5

Fór í fyrsta skipti sextug

Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir lét gamlan draum rætast og fór í fyrsta skipti á Þjóðhátíð sextug.

SÍÐA 6





Ingó hlakkar ofboðslega mikið til að stýra brekkusöngnum. Hann er þegar að mestu tilbúinn með prógrammið.

MYND/ARNPÓR

Ingó tekur við keflinu af Árna

Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó í Veðurguðunum, mun stjórna brekkusöngnum í fyrsta skipti í ár. Hann tekur við af Árna Johnsen, sem hefur stýrt honum í 44 ár. Ingó segir þetta eitt skemmtilegasta verkefni sem hann hefur fengið í hendurnar.

Brekkusöngurinn er orðinn órjúfanlegur hluti af Þjóðhátíð í Eyjum. Hann er á dagskrá á sunnudagskvöldinu en þá safnast fólk saman í brekkunni og syngur brekkusöng. Síðastliðin 44 ár hefur Árni Johnsen stýrt söngnum, að undanskildu árinu 2003 þegar þingmaðurinn Róbert Marshall hljóp í skarðið. Í ár mun

Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó í Veðurguðunum, taka við keflinu. Þetta verða mikil viðbrigði fyrir fastagesti hátíðarinnar en þó eru margir sammála því að það hafi verið kominn tími á breytingar.

„Ég hlakka alveg ofboðslega mikið til. Ég er búinn að vera að spá rosalega mikið í þetta og er

búinn að raða upp lögnum. Þetta er svona 90 prósent tilbúið,“ segir Ingó. Hann segist ekki finna fyrir pressu en gera sér þó grein fyrir því að hann sé að feta í stór og rótgróin fótspor. Ingó mun standa einn á sviðinu í brekkusöngnum en hljómsveit hans, Ingó og Veðurguðirnir, mun troða upp á laugar-dagskvöldinu.

Ákveðið hefur verið að stytta brekkusönginn og verður hann 45 mínútur. „Ég er að byggja þetta á dagskránni hans Árna en þetta verður ferskari útgáfa. Ég mun taka mikið af Eyjalögum, enda er þetta hátíð Eyjamanna. Inni á milli verða svo lög sem koma héðan og þaðan sem allir þekkja.“

Ingó segir þetta eitt skemmti-

legasta verkefni sem hann hefur fengið í hendurnar. „Ef þetta heppnast vel vonast ég til þess að fá að gera þetta aftur.“ Brekkusöngurinn hefst klukkan 23.15. Þegar honum lýkur verður kveikt á blysunum. Kveikt er á einu blysi fyrir hvert ár sem Þjóðhátíð hefur verið haldin. Hún var haldin í fyrsta skipti árið 1874 sem þýðir að blysin verða 140.

KEMUR EKKI TIL GREINA AÐ FARA ANNAÐ

Ásdís Inga Haraldsdóttir er enginn nýgræðingur þegar kemur að Þjóðhátíð en hún er að fara á hátíðina í fimmta skipti í ár. „Það kemur ekki til greina að fara annað. Eftir að hafa farið á Þjóðhátíð á hljómar ekkert jafn spennandi,“ segir Ásdís Inga. Hún mætir alltaf á fimmtudeginum og fer heim á mánudeginum til að missa örugglega ekki af neinu. „Miðana kaupir ég líka alltaf um leið og þeir fara á sölu í mars, enda byrjar spennurinn fyrir næstu Þjóðhátíð strax í lok þeirrar seinustu.“

Spurð út í Þjóðhátíðarlag þessa árs segir hún það ekki hafa heillað sig við fyrstu hlustun en að það venjist vel. „Ég er viss um að það verður magnað að heyra það sungið í dalnum.“ Að sögn Ásdísar Ingu standa bekkjabilarnir, blysin og brekkusöngurinn upp úr á Þjóð-



Bekkjabilarnir, blysin og brekkusöngurinn standa upp úr að mati Ásdísar Ingu.

hátíð. „Á leiðinni heim á kvöldin notum við alltaf bekkjabilana eða tókum leigubíl. Við leigjum íbúð sem er í göngufæri en oftast nenum við ekki að labba heim eftir langan dag.“

Ásdís Inga hefur alltaf farið með stórum hópi fólks á Þjóðhátíð og skiptist hann niður eftir gistingum. „Við erum sex til tíu saman í húsi en svo hittum við restina af krökkunum

á kvöldin. Það er skemmtilegast að byrja kvöldið öll saman og vera samferða í dalinn,“ segir hún. En hefur Ásdís einhver heillaráð handa þeim sem ætla á Þjóðhátíð í fyrsta skipti? „Já, ég myndi ekki gista í tjaldi, enda aldrei hægt að vita hvernig veðrið verður. Eins mæli ég með því að fólk taki með sér nóg af drykkjarföngum.“

SUNNUDAGSMÍÐINN

Brekkusöngurinn er einn af hápunktum Þjóðhátíðar. Þeir sem ekki treysta sér til þess að vera alla hátíðina en vilja engu að síður taka þátt í Brekkusöngnum geta keypt svokallaðan sunnudagsmiða og er talsvert um að fólk geri það. Það getur til að mynda hentað fjölskyldufólki eða þeim sem ekki hafa tæk á því að dvelja á eyjunni alla helgina.

Miðinn gildir frá klukkan tíu á sunnudeginum og til að fá sem mest úr ferðinni er ráð

að taka daginn snemma. Dagskráin hefst með léttum lögum klukkan tíu.

Klukkan 14.30 er svo barnadagskrá á Brekku- og Tjarnarsviði þar sem persónur úr Latabæ og Páll Óskar stíga á stökk. Kvöldvakan hefst svo klukkan 20.30. Meðal flytjenda í ár eru Eyþór Ingi, Bubbi og Páll Óskar. Brekkusöngurinn hefst stundvíslega klukkan 23.15 og mun Ingó Veðurguð leiða hann í fyrsta skipti. Blysin verða svo tendruð klukkan tólf. Við tekur Skálmöld og svo verður leikið fyrir dansi fram á nótt.

Nánari upplýsingar er að finna á www.dalurinn.is.



Litaðu lífið með Maryland

-meiriháttar í ferðalagið





Um 1901 var komin á sú regla að hefja hátíðina á kappróðri.



Dalurinn trekkir að.



Fólk mætti þróðbúið á upphafsárum hátíðarinnar.

Rótgróin hátíð í Herjólfssdal

Sögu Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum má rekja til 19. aldar. Ýmsar hefðir hafa skapast í gegnum tíðina og margar lifa enn í dag.

Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufræðisvefur um Vestmannaeyjar. Á vefsíðunni www.heimaslod.is er að finna greinargóða lýsingu á sögu Þjóðhátíðarinnar, auk þess sem þar er að finna fjölda mynda frá hátíðinni. Hér kemur stutt brot úr sögu hátíðarinnar.

Upphafid

Fyrstu hátíðarhöldin í Herjólfssdal voru um miðja 19. öld þegar Pétur Bryde, eigandi Brydebúðar, tók upp á því að bjóða starfsfólki sínu þangað árlega.

Fyrsta Þjóðhátíðin var hins vegar haldin sunnudaginn 2. ágúst árið 1874. Þá komu 400 manns í dalinn, reistu tjöld og hlóðu veisluborð úr torfi og grjóti. Fánar og borðar þrýddu tjöldin. Flutt var minni konungs og að því loknu var hleypt af ný fallbyssuskotum. Flutt var minni Íslands og Jóns Sigurðssonar. Þegar menn höfðu snætt og drukkið kaffi var slegið upp dansleik undir berum himni sem stóð fram undir miðnætti.

Eftir þetta var Þjóðhátíð haldin nokkrum sinnum, yfirleitt um miðjan ágúst. Um 1901 var komin sú regla að hátíðin hófst með kappróðri. Að honum loknum var gengin skrudganga inn í dalinn og hann skreyttur. Flutt var minni konungs, Íslands og Vestmannaeyja og keppt í glímu, kapphlaupi og öðru. Um kvöldið voru kaffiveitingar og sóðavatn á boðstólum í tjöldum en áfengi var ekki í boði. Frá þeirri Þjóðhátíð hefur hún verið haldin nánast óslitið.

Þjóðhátíð í útleð

Þjóðhátíðin hefur ávallt verið haldin í Herjólfssdal, nema árin 1973-1976 meðan Herjólfssdalur var þakinn vikri eftir eldgosid. Á þeim árum var hátíðarsvæðið á Breiðabakka, suður undir Stórhöfða. Þjóðhátíðin 1973 stóð aðeins eitt kvöld. Útbúið var lítið svið og danspallur og lítill varðeldur kveiktur. Þeir sem voru í Vestmannaeyjum mættu en það var þó einvörðungu fólk sem tók þátt í hreinsunarstörfum í bænum.

Árið 1976 var Herjólfssdalur hreinsaður og tyrfdur en það var mikið verk. Strax næsta ár héldu Týrarar fyrstu Þjóðhátíðina í Herjólfssdal eftir gosid.

Þór og Týr

Íþróttafélögin Þór og Týr höfðu ávallt skipst á að halda Þjóðhátíðina. Þegar félögin voru sameinuð 1996 hélt hið nýja félag Þjóðhátíðina. Teknar voru nokkrar hefðir frá báðum félögum. Flugeldasýningin og tónleikahaldið urðu umfangsmeiri með sameiningunni líkt og aðrir þættir hátíðarhaldanna.

Árið 1977 var í fyrsta sinn haldinn brekkusöngur undir stjórn Árna Johnsens. Hann var einnig kynnrir á Þjóðhátíð það ár en áratugi þar á undan var það Stefán Arnason, eða Stebbi Pól, sem var kynnrir.

Skin og skúrir

Veðrið hefur stundum leikið þjóðhátíðargesti grátt. Til dæmis fauk kringlótt veitingatjald ásamt fleiri tjöldum árið 1969. Mikinn mannskap þurfti til að bjarga veitingatjaldinu. Á þjóðhátíð 2002 varð veður svo vont að hátíðargestir leituðu skjóls í heimahúsum og íþróttamiðstöðinni á meðan tjöld þeirra fuku í stórum stíl.

Lundaholur og Skvísusund

Hvítu hústjöldin setja mikinn svip á dalinn. Fyrsta hústjaldið kom til sögunnar 1908 og þá var selt í því sælgæti og gosdrykkir. Hústjöld fóru að verða áberandi um 1910. Tjöldunum er raðað upp í götur og hafa heiti gagnanna haldið sér í fjöldamörg ár. Þau eru:

- Sjómannasund
- Sigurbraut
- Lundaholur
- Skvísusund
- Veltusund
- Þórsgata
- Týsgata
- Ástarbraut



Hvítu hústjöldin setja mikinn svip á dalinn. Fyrsta hústjaldið kom til sögunnar 1908. Þar var var sælgæti og gos.



Veðrið hefur stundum leikið þjóðhátíðargesti grátt en oft hefur líka verið einmuna bliða.



Það hefur löngum tíðkast að spranga í dalnum.



Fyrir tíma hljóðkerfanna.



Tjöldunum er raðað upp í götur.



Hústjöld fóru að verða áberandi um 1910.



Þetta er með elstu myndum sem til eru af Þjóðhátíð. Þarna sjást meðal annars nautgripir á beit í dalnum. Myndin var tekin 1907-1908 af Lárusi Gíslasyni ljósmyndara í Eyjum.



Fólk safnaðist saman í brekkunni og gerir enn.

Lærðu textann fyrir Þjóðhátíð í Eyjum

Þjóðhátíðarlagið hefur fengið góðar móttökur. Nauðsynlegt er að kunna textann þegar Björn Jörundur flytur það á hátíðinni.

Björn Jörundur Friðbjörnsson er höfundur þjóðhátíðarlagsins í ár. Lagið nefnist Íður og sækir höfundurinn innblástur til þess að fjörutíu ár eru liðin frá gosi í Heimaey. Björn flytur lagið með hljómsveit sinni, Nýdönsk. „Hún verður þó reyndar ekki með mér þegar ég frumflyt lagið á föstudagskvöldinu á Þjóðhátíð, eins og hefð er fyrir,“ segir hann.

Nafnið á laginu, Íður, er sótt til gossins þótt textinn sé í raun um unga stúlku og ástina.

Björn Jörundur er gamalreindur laga- og textahöfundur en það voru aðstandendur Þjóðhátíðar í Eyjum sem óskuðu eftir að hann myndi semja rétta lagið á þessu ári. Björn segist hafa fengið mjög góð viðbrögð, sérstaklega frá Eyjamönnum, en þá sé líka takmarkinu náð. „Ég tók þetta verkefni að mér með glöðu geði og aðalmálið er að Eyjamenn séu ánægðir með lagið sitt. Það hefur því miður ekki alltaf verið svo en ég held að þetta hafi tekist ágætlega núna. Ég vona að minnsta kosti að þetta verði heitasta lagið á Þjóðhátíðinni og allir hafi textann á hraðbergi þegar ég flyt lagið,“ sagði Björn Jörundur en hér kemur textinn svo allir geti æft sig.



Björn Jörundur samdi þjóðhátíðarlagið í ár sem þegar er farið að hljóma.

ÍÐUR

Þú varst með sólgult sjal sveipað um þig í Herjólfssdal
Og græna kápan þín heillandi við fyrstu sýn
Steingráa pilsíð þitt minnir á fjörunnar sand sem blotnar er bylgjurnar liðast á land
Hér er lífið hér ert þú hér er framtíð okkar sú að njóta náttúrunnar nú Eyjan er að öskra á mig

jörðin opnast ég er hættur að sjá þig það er eldgos á Heimaey Kraftarnir sem lágu í leyni spúa eldi og brennisteini Landið það mun lifa eftir að ég dey

Breiði úr teppi hér í hjónasæng býð ég þér og ég vil leggjast í þitt fang Glitrandi stúlkurnar stjórnur sem svífa á braut um himna sem gnæfa yfir tjöldum við norðurskaut

Afbreyting í Eyjum

Þótt flestir mæti á Þjóðhátíð til að taka þátt í hátíðarhöldum í Vestmannaeyjum er ýmislegt annað hægt að gera á eyjunni. Náttúran er kynngimögnuð og vel þess virði að skoða.



Golf

Eyjamenn eiga glæsilegan golfvöll sem er einn besti 18 holu völlur landsins og einn af 200 bestu völlum Evrópu. Golfáhugamenn ættu því ekki að vera sviknir ef veðrið er gott.

Fuglalíf og klettafjör

Í Vestmannaeyjum er líf í björgunum en vel þekkt er sú iðja Eyjamanna að spranga í klettunum. Þetta finnst bæði börnum og fullorðnum skemmtilegt. Best er að fara varlega því slysin gera ekki boð á undan sér.

Auk þess að sveifla sér á milli kletta geta ferðamenn í Eyjum gengið á fjöll. Til dæmis má nefna tindana sjö sem umkringja byggðina, þar er gengið um sögulslóðir og misbrattar hlíðar. Varast ber að fara of nærri fjallsbrúnum því víða er bratt og jarðvegur laus í sér. Klettarnir eru ið-andi af fuglalífi og Vestmannaeyjar eru vissulega paradís fuglaskoðarans.

Höfin blá

Ferðaskrifstofan Viking Tours býður upp á bátsferðir af ýmsum toga frá Vestmannaeyjum. Þar má helst nefna siglingu í kringum eyjuna, hvalaskoðunarferðir, sjóstangveiðiferðir og skoðunarferð til Surtseyjar.

Söfn

Í Eyjum eru nokkur söfn, þar á meðal Náttúrugripasafnið, Byggðasafnið og Surtseyjarstofa. Þeir sem hafa áhuga á sögu eyjarinnar, gosinu og mannlífínu ættu ekki að láta þau fram hjá sér fara.



LEGGJUM

MALT

Í ÞAÐ SEM SKIPTIR MÁLI

10
KRÓNUR

10 KRÓNUR AF HVERRI EGILS MALT RENNA TIL SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

Í ár er heil öld síðan Egils Malt kom fyrst á markað og hefur þessi einstaki drykkur fylgt þjóðinni í gegnum súrt og sætt. Af því tilefni ætlum við að láta 10 kr. af hverri seldri dósi og flösku af Egils Malti renna til Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Ástæðan er einföld:

VIÐ LEGGJUM MALT Í ÞAÐ SEM SKIPTIR MÁLI.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

100
ÁRA

MALTEXTRAKT

Sextug og í fyrsta sinn á Þjóðhátíð

Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir myndlistarkennari hafði gengið með þann draum í mörg ár að fara á Þjóðhátíð í Eyjum og lét hann rætast í fyrra þegar hún varð sextug. Hún varð ekki fyrir vonbrigðum og segir hátíðina hafa verið mikla upplifun.

Dætur mínar höfðu farið á Þjóðhátíð og oft talað um hversu stórfenglegt það væri. Mig langaði virkilega til að vita hvað þær höfðu verið að upplifa svona skemmtilegt. Þær hvöttu mig eindregið til að láta drauminn rætast og þar sem ég varð sextug í fyrra ákvað ég að slá til. Ég varð sannarlega ekki fyrir vonbrigðum," segir Hrafnhildur.

„Ég var ekki í tjaldi inni á svæðinu heldur með herbergi í bænum. Ég fór hins vegar á alla tónleika og fannst til dæmis Mugison alveg frábær.“

Hún segir gæslu hafa verið til fyrirmyndar og að lögreglan hafi verið vel sjáanleg. Dalurinn ákaflega fallegur og mjög gott skipulag á öllum hlutum. „Ég fór með Herjólfu fram og til baka, eins og hinir unglíngarnir, sem var afskaplega skemmtilegt. Það var stórkostleg upplifun.“

Þegar Hrafnhildur er spurð hvort eitthvað hafi komið henni á óvart, segir hún að það hafi ekki verið margt. „Ég hafði hlustað á brekkusönginn í útvarpinu árið áður og hugsaði þá með mér að ég yrði að vera viðstödd á næsta ári. Mér fannst ég geta heyrt stuðið á svæðinu. Það kom mér því nokkuð á óvart þegar ég

upplifði loksins sönginn í Dalnum hvað hann gekk hratt fyrir sig. Hann var ekki eins magnaður og ég hafði talið. Kannski var ég með of miklar væntingar," segir Hrafnhildur. „Líklegast er önnur upplifun fyrir mig, fullorðna konu, að koma á Þjóðhátíð en unglíngana," segir hún.

Þegar hún er spurð hvort eitthvað hafi verið neikvætt á hátíðinni svarar hún: „Mér fannst alltof algengt að fólk væri með bjór í hönd, sama hvenær dagsins. Það var eins og öllum þætti sjálfsgott að vera alltaf með vín," segir Hrafnhildur en tekur fram að ekki hafi verið um fylleri að ræða.

En ætlar hún að fara aftur?

„Núna er ég búin að upplifa Þjóðhátíð og það dugar mér. Ég fór einu sinni út í Drangey þótt ég sé ofboðslega lofthrádd. Það var meiriháttar en mig langar ekki aftur," segir hún.

Hrafnhildur segir að brennan, blysin og allt umhverfið í Dalnum hafi verið stórkostlegt. „Ég saknaði hins vegar lundans sem var ekki í boði. Svo hélt ég alltaf að heimamenn myndu bjóða manni í heimsókn í hvítu tjöldin en svo var ekki. Mér var að minnsta kosti ekki boðið," segir hún og hlær. „En



Hrafnhildur var eins og hinir unglíngarnir á Þjóðhátíð í Eyjum síðasta sumar og skemmti sér konunglega.

MYND/GVA

núna veit ég hvað fólk er að tala um þegar rætt er um Þjóðhátíð í Eyjum. Þarna var fólk á öllum aldri en unglíngarnar voru auð-

vitað fyrirferðarmestir, eins og á öllum útihátíðum.“

Hrafnhildur hefur gaman af því að ferðast innanlands þótt

ekki fari hún á Þjóðhátíð í ár. Hún var hins vegar á leið í tjaldútilegu í Þórsmörk þegar við slógum á þráðinn til hennar.



TAPPALEIKUR PEPSI & PEPSI MAX

**SAFNAÐU
GULLINU**

SAFNAÐU SEX GULLTÖPPUM AF PEPSI EÐA PEPSI MAX
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GLÆSILEGA VINNINGA



GLÆSILEGIR

1000

VINNINGAR

Safnaðu sex töppum af Pepsi eða Pepsi Max og sendu til Ölgerðarinnar.

Allar nánari upplýsingar um leikinn má finna á

facebook.com/PepsiMax.is

EINFÖLD GÆÐI



NESCAFÉ



ÞJÓÐHÁTIÐ

STUÐMENN

SKÁLMÖLD | GUS GUS | SÁLIN

RETRO | ÁSGEIR

STEFSON | TRAVUSTI

PÁLL ÓSKAR | BUBBI | Á MÓTT SÓL

BUFF | HELGI ÞJÖRNIS | EYÞÓR INGI

JÓNAS SIGURÐSSON | INGÓ OG VEDURGUDIRNIR

XXX RÖTTWEILER | ÞJARTMAR 2013

DALURINN BÍÐUR



lenovo



#dalurinn

Miðasala á dalurinn.is

VERT